

Starfsáætlun



Skjal sótt af '00000000000' dags: 18.08 2026

Waldorfskólinn Lækjarbotnum

2023-2024

Efnisyfirlit

Hagnýtar upplýsingar	4
Stjórnskipan skólans	5
Skilgreining nefnda	6
Starfssvið og menntun starfsfólks	7
Helstu viðburðir skólaársins	11
Tilhögun kennslu.....	12
Nemendaverndarráð	13
Stuðnings- og sérkennsla	13
Markmið sérkennslu	13
Logos.....	13
Milli mála	14
Heimanám	14
Tilgangur	14
Umfang	14
Skipulag	14
Dagshrynjandi	15
Starfsáætlun nemenda	16
Nánari útfærsla kennslutíma	16
Samræmd próf.....	17
Vettvangsferðir og skólaferðalög	17
Foreldraviðtöl og foreldrafundir	18
Val nemenda í 8.-10. bekk	18
Samstarf við aðra skóla.....	18
Skólabragur og skólareglur	19
Frávik frá skólareglum	19
Skólaráð, foreldrafélag og nemendaráð	20
Starfsáætlun skólaráðs	20
Ábyrgð fulltrúa í skólaráði	21
Foreldrafélag	21
Nemendaráð	21
Starfsáætlun nemendaráðs	22
Foreldrasamstarf	22
Símaskrá	22
Vefsíða	22
Foreldrahandbók	22

Fréttabréf	22
Samfélagsmiðlar	23
Mat á skólastarfi	23
Viðfangsefni innra mats	23
Umbótaáætlun	23
Upplýsingar um stoðþjónustu	25
Skólaheilsugæsla	25
Námsráðgjafi	25
Sálfræði- og barnaverndarþjónusta	25
Önnur sérfræðiþjónusta	25
Upplýsingar um tómstundastarf og félagslíf	25
Símenntun	26
Námskeið og gestakennarar	26
Leiðir við starfsþróun	26
Fyrirlestrar fyrir kennara, foreldra og almenning:	27
Innra samstarf og endurmenntun	27
Rýmingaráætlun	28
Starfssvæði og kort	28
Rýmingar á kennslustofum	29
Viðbrögð við vá	29
Veikindafaraldur	29
Viðbragðsáætlun við jarðskjálfta	29
Viðbragðsáætlun við eldgos	29
Viðbragðsáætlun vegna óveðurs	30
Skólaakstur	30
Skólamáltíðir	31
Annað er varðar starfsemi skólans ár hvert	31

Hagnýtar upplýsingar

Í *Lögum um grunnskóla nr. 91/2008* er tilgreint í 29. grein að skólar skuli gefa út skólanámskrá og starfsáætlun. Waldorfskólinn Lækjarbotnum mun birta uppfærða skólanámskrá sína á starfsárinu 2022-2023 og starfsáætlun á www.waldorfskolinn.is. Bökkjarnámskrár eru birtar árlega í upphafi skólaárs. Í þessari útgáfu starfsáætlunarinnar er áhersla lögð á þau atriði sem tilgreind eru í 29. grein *Laga um grunnskóla* og talin eru upp í *Viðmiði fyrir starfsáætlun grunnskóla Kópavogs* sem unnið var af Menntasviði Kópavogs.

Starfsáætlun Waldorfskólans Lækjarbotnum er upplýsingarit um skólann, auk þess sem hún er handbók og stefnumótandi rit fyrir skólastarfið. Starfsáætlunin er endurskoðuð árlega og inniheldur helstu upplýsingar um skólann, áherslur og markmið með skólastarfinu. Hún heldur einnig utan um skipulag og helstu verkefni skólaársins, fyrirkomulag kennslu, venjur og siði í skólastarfinu.

Í árlegri starfsáætlun er m.a. gerð grein fyrir skóladagatali, þ.m.t. lengd jólaeyfis, páskaeyfis og annarra vetrarleyfa, starfsáætlun nemenda, skólareglum, stoðþjónustu, félagslífi og öðru því sem varðar starfsemi skólans ár hvert. Þegar ljóst er að starfsáætlun skóla hafi verið unnin í samræmi við lög, reglugerðir, aðalnámskrá og ákvarðanir sveitarstjórnar um fyrirkomulag skólahalds skal hún lögð fyrir skólanefnd til staðfestingar.

Skólaárið 2023-2024 hefst á starfsdegi 14. ágúst með starfsmannafundi en skólasetning er 18. ágúst og fyrsti skóladagur nemenda er mánudaginn 21. ágúst. Foreldra- og nemendaviðtöl eru í október og lok janúar. Skólaslit verða 7. júní 2023. Alls eru um 76 nemendur í skólanum og skiptast þeir í fimm bekkjardeildir. Skólaskrifstofa er opin frá 8:30-12:30 alla virka daga.

Innritunarreglur

Öll börn á aldrinum 6 - 16 ára geta sótt um skólavist í Lækjarbotnum. Nemendur með lögheimili í Kópavogi hafa forgang. Umsókn fer fyrir inntökunefnd og starfsmannaráð til samþykkis. Í inntökunefnd situr skólastjóri og fulltrúi úr nemendaverndarráði.

Innritun er háð eftirfarandi skilyrðum:

- Að laus pláss séu í bekkjarárgangi barns.
- Að innritunarnefnd metur álag í bekk viðunandi fyrir velferð barnsins.
- Að skólinn geti uppfyllt skyldur sínar gagnvart þörfum barnsins, og mætt námslegum og félagslegum þörfum barnsins út frá aðstæðum og möguleikum í skólanum.

Með umsókn skal fylgja umsögn fyrri skóla/leikskóla sem og gögn um greiningar ef einhverjar eru ásamt því að foreldrar fylla út eyðublað um hagi og þroska barnsins. Inntökunefnd metur umsóknina og leggur fyrir tillögur um innritun hjá starfsmannaráði til samþykkis.

Starfshættir inntökunefndar

Inntökunefnd sér um úrvinnslu umsókna um skólavist sem berast skólanum. Ef inntökunefnd metur að umsókn uppfylli inntökuskilyrði eru foreldrar/forráðamenn og barn boðuð í inntökuviðtal. Ef sér-tækur vandi er til staðar getur inntökunefnd óskað eftir aðstoð frá grunnskóladeild menntasviðs Kópavogs til að meta hvort aðstæður í skólanum geti mætt náms- og félagslegum þörfum barnsins.

Tillögur inntökunefndar til starfsmannaráðs taka mið af:

- Fyrirliggjandi upplýsingum, s.s. umsögnum frá skólum, greiningargögnum og inntökuviðtali ef við á.
- Félagslega- og námslega stöðu og líðan í skóla.
- Mat á þörf fyrir skólaláðunustu að fengnu samþykki foreldra

Afgreiðsla umsókna


- Starfsmannaráð tekur ákvörðun um samþykki eða synjun umsókna á grundvelli tillagna inntökunefndar enda hafi nefndin tekið mið af ofangreindu.
- Sé umsókn samþykkt tilkynnir skólastjóri það í bréfi til foreldra.
- Sé lagt til að umsókn verði hafnað skal skólastjóri tilkynna það í bréfi til foreldra þar sem fyrirhugað synjun er rökstudd. Gefa skal foreldrum kost á að tjá sig um fyrirhugaða synjun og upplýstir um kærurétt sinn skv. 47. gr. Grunnskólalaga.

Stjórnskipan skólans

Waldorfskólinn Lækjarbotnum er heildstæður sjálfstætt rekinn grunnskóli. Samkensla tveggja árganga á sér stað; 1.bekkur, 2.-3. bekkur, 4.-5. bekkur, 6.-7. bekkur, 8.-9. bekkur og 10. bekkur. Áhersla er lögð á viðveru umsjónarkennara í flestum kennslustundum á yngsta stigi en á öllum stigum kenna fagkennarar í samstarfi við umsjónarkennara. Áhersla er á úti- og upplifunarnám og á yngsta- og miðstigi er vettvangsferð hvern mánudag yfir allt skólaárið.

Skólastjóri er Hildur Margrétardóttir og er hún ábyrgðaraðili fyrir skólann í samstarfi við skólanefnd en felur starfsmannaráði daglegan rekstur og umsjón á innra starfi skólans. Stjórnarfyrrkomulagið er flöt stjórnun, lárétt skipulag sem felur ekki í sér yfirstjórn. Starfsmannafundir eru vettvangur fyrir allar ákvarðanir er varða rekstur skólans og innra starf. Starfsmannaráð skipa starfsmenn skólans og taka þeir þátt í ákvörðunum er varða stjórnun skólans á starfsmannafundum.

Starfsmannafundir eru tvisvar í viku, alla þriðjudaga og fimmtudaga skólaársins. Á þriðjudögum milli kl 14:45-15:45 eru ákvarðanir teknar er lúta að rekstri skólans en á fimmtudögum frá kl. 15-18 er fjallað er um kennslufræðilega þætti starfsins, fagfundir yngri- og eldri deilda ásamt nefndarfundum. Verksviðum starfsmannaráðs er skipt niður á ábyrgðarsvið og nefndir en allar ákvarðanir eru teknar í starfsmannaráði eða í umboði þess. Áhersla er lögð á að jafnræði ríki meðal starfsmanna, að hver einstaklingur sé virkur, geti haft mótandi áhrif á starfið og að allir starfsmenn séu samábyrgir fyrir því starfi sem fram fer. Fundarnefnd skipuleggur starfsmannafundi og hefur yfirsýn yfir störf nefnda og ábyrgðarsviða.



Skilgreining nefnda

Skólanefnd er skipuð skólastjóra og tveim fulltrúum starfsfólks. Verksvið nefndarinnar er eftirfarandi:

- Samskipti við skólayfirvöld
- Samskipti við menntasvið og menntaráð Kópavogs
- Starfsáætlun skólans
- Umsjón með innra mati og gæðamati skólans
- Umbótaáætlun skólans
- Mannaráðningar og mannaforráð innanhúss
- Starfshlutföll starfsmanna
- Stundatöflur og lotuplön
- Skóladagatal
- Afleysingar og skipulagning forfallakennslu
- Starfsmannavernd
- Starfsmannaviðtöl
- Samskipti við trúnaðarmenn, vinnustaðasálfræðing og eru upplýsandi/leiðandi/berandi í umræðu um gildi og viðmið í samskiptum

Fagráð er skipuð tveim mentorum af yngra og eldra stigi ásamt skólastjóra.

Verksvið nefndarinnar er:

- Skipulagning símenntunar

- Umsjón með leiðsagnarkennslu fyrir kennara
- Fagleg eftirfylgni og stuðningur við kennslu
- Umsjón með kennsluáætlunum árganga
- Umsjón með námsmati, símati og leiðsagnarmati

Oikos er húsa- og lóðanefnd. Í henni sitja fulltrúi úr leikskóla og fulltrúar úr skóla.

Verksvið nefndarinnar er eftirfarandi:

- Öryggismál: brunaæfingar, rýmingaráætlun, hópslysaáætlun vegna skólarútu.
- Umhverfismál: flokkun á rusli, safnhaugar og sorphirsla.
- Skipulagning vinnuhelgar foreldra á vor- og haustönn í samvinnu við foreldrafélag.
- Skipulagning garðyrkjudags á vor- og haustönn.
- Skipulagning umhirðu útisvæðis yfir sumartímann í samvinnu við foreldrafélag.
- Viðhald og endurbætur á eignum skólans, húsnæði og leiktækjum.
- Umsjón með þrifkompum.
- Framtíðarskipulag svæðisins.
- Útlán á húsnæði skólans.

Vox Cultura er menningarnefnd. Í henni sitja fulltrúar frá leikskóla og skóla.

Verksvið nefndarinnar er eftirfarandi:

- Skipulagning stóra foreldra fundarins, einu sinni á skólaári.
- Skipulag og framkvæmd skemmtana.
- Skipulag starfsmanna helgar, einu sinni á hvorri önn.
- Halda utan um viðburði, stórafmæli og starfsmannagjafir.

Starfssvið og menntun starfsfólks

Aðalheiður Jóhanna Ólafsdóttir, hrynlístarþerapisti

Diplóma í kennslufræði frá HA, 2023

MA í Eurythmy Meðferð, Alanus Hochschule, Þýskaland, 2012.

BA í Eurythmy, Alanus Hochschule, Þýskaland, 2011.

Diploma í Eurythmy, Witten Annen Institut für Waldorfpädagogik.

Anna Suhorukova, leiðbeinandi í Bothmar leikfimi

Bothmar leikfimi, Danmörk

Anna Rut Steinsson, leiðbeinandi í handavinnu 1.-10. bekkur

Rudolf Steiner Lærerseminaríet, Kaupmannahöfn, waldorf kennaramenntun 2009-2010.

Iðnskólinn í Reykjavík, Klæðskeri 1992-1996.

Malmö designskole, Malmö, hönnunarnám 1991-1992.

Áróra Helgadóttir, skólaliði og aðstoð í 4.-5. bekk

B.Sc. Heilbrigðisverkfræði, HÍ

M.Sc. Heilbrigðisverkfræði, Tækniháskólinn í Delft, Hollandi

Björk Bjarnadóttir, starfsmaður í eldhúsi

B.A. í Þjóðfræði HÍ.

M.A. í Umhverfisfræðum, HÍ.

Björn Logi Sigurbergsson, innheimtu- og launafulltrúi ásamt leiðbeinandi í stærðfræðikennslu á unglingastigi

M.S í tölvuverkfræði, TU Delft, Hollandi.

B.S verkfræði, Háskóli Íslands.

Claudia Breidsprecher, leiðbeinandi í stærðfræðikennslu og innheimtu- og launafulltrúi.

B.S. Verkfræði frá Universitat Bayreuth í Þýskalandi. Er í barnseignarleyfi

Dagur Bjarnason, aðstoð í eldhúsi

Stúdentspróf

FÍH, 2022-

Elodie Francine M. Dassaint, matráður

B.A. Lycée Camille Claudel, Frakklandi, 2003

Guðjón Árnason, bílstjóri

Rudolf Steiner Seminaríet, Järna, Lífræn ræktun, 1983-1984.

Meirapróf, 1990.

Hildur Margrétardóttir, skólastjóri

Stjórnunarfræði menntastofnanna, Háskóli Íslands, 2014-

Waldorflárarhögskolan, Stockholm, kennsluréttindi í Waldorf kennslufræðum, 2014-2017.

Listaháskóli Íslands, diplóma í kennslufræði, 2010-2011.

University College London-The Slade School of Fine Art, MFA myndlist, 2003-2005.

Listaháskóli Íslands B.A. í myndlist, 1995-1999.

Ívar Brand Hollanders, leiðbeinandi með kennslu í 1. bekk

Waldorf kennslu- og uppeldisfræði, Bromma, Svíþjóð 2018-2019.

Listaháskóli Íslands, 2012-2013.

Ívar Zophonías Sigurðsson, leiðbeinandi með kennslu í 4.-5. bekk

Höfuðbeina- og spjaldhryggjarmeðferðaraðili, CST1, CST2.

Upleadger stofnunin á Íslandi 2019-2020.

Tækniskólinn, rafiðnaðarbraut 2015-

Borgarholtsskóli, Margmiðlunarhönnun 2009-2012.

Menntaskólinn við Sund - Viðskiptafræðibraut 2007-2009.

Lotta Johansson, tónlistarkennari

Kennararéttindi frá Svíþjóð í tónlist og sænsku.

Stockholms Universitet og Statens Musikpedagogiska Institution.

Waldorfpedagogik, Järna

Mia Maria Westring, stuðningur í 1. bekk

Marie Luise Alf, mentor yngra stígs, situr í fagraði, nemendaverndarráði og hluta skólanefndar

BA of Arts, Theaterpädagogik, Zurcher Hochschule der Kunste, Þýskalandi, 2012

Outi Pauliina Kuosmanen, leiðbeinandi með kennslu í 8.-9. bekk og eldsmíði

Steiner-Waldorf teacher education programme - Snellman (Finnland), 2012.

B.A. almenn trúarbragðsfræði, 2011.

Waldorf kennslu- og uppeldisfræði nám, 2004-2007 (Ísland).

B.A. í íslensku fyrir erlenda stúdenta HÍ, 2005.

Salbjörg Ýr Guðjónsdóttir, leiðbeinandi með kennslu í 6.-7. bekk

Stundar nám í Waldorf kennslu- og uppeldisfræði.

Listaháskóli Íslands, B.A. í myndlist, 2012-2015.

Myndlistaskólinn í Reykjavík, fornám, 2011-2012.

Leiðsöguskólinn, leiðsögunám, Ísland, 2009-2010.

International Youth Initiative Program, social entrepreneur, Svíþjóð, 2008-2009.

Kjesäters folkhögskola, Ljósmyndun, Svíþjóð, 2005-2006.

Sigurður Aron Árnason, leiðbeinandi með kennslu erlendra tungumála

Nemi í kennslufræðum, HÍ 2023-

BA í rússnesku og rússneskum fræðum, HÍ, 2013-2017

BA í rússnesku og rússneskum fræðum, Ríkisháskólinn í Moskvu

MA í Þýðingarfræði, HÍ, 2017-2019

Sigurrós Jónsdóttir, stuðningur í 2.-3. bekk, leiðbeinandi með frístund Stúdentspróf

Sólveig Þorbergsdóttir, leiðbeinandi með smíðakennslu, mentor eldra stigs, situr í fagráði. Waldorf kennslu- og uppeldisfræði, 2004-2007.

Starfsleikninám í almennum grunnskólum KHÍ, 1996.

Gönguleiðsögumaður, 1997 frá Leiðsöguskóla Íslands.

B.A. próf í myndlist frá HKV Utrecht, Hollandi, 1992.

Sylvía Líf Árnadóttir, umsjónarkennari í 2.-3.bekk.

Meistaránám í kennslu samfélagsgreina, MT. KHÍ, 2020-2022.

BSc í ferðamálafræði með viðskiptafræði sem aukagrein - Alþjóðaviðskipta- og markaðsfræðisvið. HÍ 2015 - 2018.

Hawaii Pacific University - Nám í fjölmiðlafræði og almannatengslum 2014.

Viðskiptafræðideild HR, 2013.

Kvennaskólinn, náttúruvísindabraut 2010 - 2013.

Tinna Ásgeirsdóttir, ritari

Grafísk hönnun, Promennt, 2020.

Skrifstofuskóli NTV, 2016.

Prentsmiður/Grafískur miðlari frá lðnskólanum í Reykjavík, 2007.

Vera Rún Viggósdóttir, skólaliði og aðstoð í 4.-5.bekk

Garðyrkjuskóli Ríkisins LBHÍ, 2016-2018

Þóra Björg Sigurðardóttir, íslenskukennsla, sérkennsla á unglingastigi.

Doktorsnám: siðfræði í bókmenntakennslu, MVS HÍ 2017-

Viðbótardiplóma í íslenskukennslu, HÍ, 2022.

M.A. íslensku og menningardeild HÍ, 2011.

M.A. heimspeki HÍ, 2008.

Gender and ethnicity, Utrecht University, 2008.

Samband íslenskra sveitarfélaga

Skóladagatal 2023 - 2024

Nafn skóla: Waldorfskólinn Lækjarbotnum

AGÚST			SEPTEMBER			OKTÓBER			NOVEMBER			DESEMBER			JANUAR			FEBRUAR			MARS			APRIL			MAÍ			JÚNÍ		
1 Þ	Oslo kúrs	1 F		1 F		1 S		1 M	1 M		1 F	1 F	1 F	1 F	1 M	1 M	1 M	1 F	1 F	1 F	1 F	1 F	1 M	1 M	1 M	1 M	1 M	1 M	1 L	1 L		
2 M	Oslo kúrs	2 L		2 L		2 M		2 F	2 F		2 L	2 L	2 L	2 L	2 Þ	2 Þ	2 Þ	2 F	2 F	2 F	2 F	2 F	2 Þ	2 Þ	2 Þ	2 F	2 F	2 S	2 S	2 S		
3 F	Oslo kúrs	3 S		3 S		3 Þ		3 F	3 F		3 S	3 S	3 S	3 S	3 M	3 M	3 M	3 L	3 L	3 L	3 L	3 M	3 M	3 M	3 M	3 F	3 F	3 M	3 M	3 M		
4 F	Oslo kúrs	4 M		4 M		4 M		4 L	4 L		4 M	4 M	4 M	4 M	4 L	4 L	4 L	4 S	4 S	4 S	4 S	4 L	4 F	4 F	4 F	4 L	4 L	4 L	4 L	4 Þ	4 Þ	
5 L		5 S		5 F		5 F		5 M	5 M		5 S	5 S	5 S	5 S	5 Þ	5 Þ	5 Þ	5 F	5 F	5 F	5 F	5 M	5 F	5 F	5 F	5 S	5 S	5 M	5 M	5 M		
6 S		6 M		6 F		6 F		6 M	6 M		6 M	6 M	6 M	6 M	6 L	6 L	6 L	6 M	6 M	6 M	6 M	6 M	6 L	6 L	6 M	6 M	6 M	6 M	6 F	6 F		
7 M	Friðdagur vettlingamanna	7 F		7 F		7 L		7 Þ	7 Þ		7 S	7 S	7 S	7 S	7 M	7 M	7 M	7 M	7 M	7 M	7 M	7 S	7 S	7 S	7 S	7 F	7 F	7 F	7 F	7 F		
8 Þ		8 F		8 F		8 S		8 M	8 M		8 F	8 F	8 F	8 F	8 M	8 M	8 M	8 Þ	8 Þ	8 Þ	8 Þ	8 M	8 M	8 M	8 M	8 M	8 M	8 M	8 L	8 L		
9 M		9 L		9 L		9 M		9 F	9 F		9 L	9 L	9 L	9 L	9 Þ	9 Þ	9 Þ	9 S	9 S	9 S	9 S	9 F	9 F	9 F	9 F	9 F	9 F	9 S	9 S	9 S		
10 F		10 S		10 S		10 Þ		10 F	10 F		10 M	10 M	10 M	10 M	10 Þ	10 Þ	10 Þ	10 S	10 S	10 S	10 S	10 F	10 F	10 F	10 F	10 F	10 F	10 M	10 M	10 M		
11 F		11 M		11 M		11 M		11 L	11 L		11 F	11 F	11 F	11 F	11 M	11 M	11 M	11 S	11 S	11 S	11 S	11 F	11 F	11 F	11 F	11 F	11 F	11 Þ	11 Þ	11 Þ		
12 L		12 Þ		12 F		12 F		12 S	12 S		12 M	12 M	12 M	12 M	12 Þ	12 Þ	12 Þ	12 S	12 S	12 S	12 S	12 M	12 M	12 M	12 M	12 M	12 M	12 M	12 M	12 M		
13 S		13 M		13 M		13 F		13 M	13 M		13 L	13 L	13 L	13 L	13 M	13 M	13 M	13 Þ	13 Þ	13 Þ	13 Þ	13 M	13 M	13 M	13 M	13 M	13 M	13 M	13 F	13 F		
14 M	Starfsdagur	14 F		14 L		14 L		14 Þ	14 Þ		14 S	14 S	14 S	14 S	14 M	14 M	14 M	14 S	14 S	14 S	14 S	14 Þ	14 Þ	14 Þ	14 Þ	14 Þ	14 Þ	14 F	14 F	14 F		
15 Þ	Starfsdagur	15 F		15 S		15 S		15 M	15 M		15 M	15 M	15 M	15 M	15 Þ	15 Þ	15 Þ	15 F	15 F	15 F	15 F	15 M	15 M	15 M	15 M	15 M	15 M	15 M	15 L	15 L		
16 M	Starfsdagur	16 L		16 L		16 M		16 F	16 F		16 M	16 M	16 M	16 M	16 Þ	16 Þ	16 Þ	16 F	16 F	16 F	16 F	16 M	16 M	16 M	16 M	16 M	16 M	16 M	16 S	16 S		
17 F	Starfsdagur	17 S		17 S		17 Þ		17 F	17 F		17 M	17 M	17 M	17 M	17 Þ	17 Þ	17 Þ	17 L	17 L	17 L	17 L	17 M	17 M	17 M	17 M	17 M	17 M	17 M	17 M	17 M		
18 F	Skólasamning	18 M		18 M		18 M		18 Þ	18 Þ		18 F	18 F	18 F	18 F	18 M	18 M	18 M	18 S	18 S	18 S	18 S	18 M	18 M	18 M	18 M	18 M	18 M	18 M	18 M	18 M		
19 L		19 Þ		19 F		19 F		19 S	19 S		19 M	19 M	19 M	19 M	19 Þ	19 Þ	19 Þ	19 S	19 S	19 S	19 S	19 M	19 M	19 M	19 M	19 M	19 M	19 M	19 M	19 M		
20 S		20 M		20 F		20 F		20 S	20 S		20 L	20 L	20 L	20 L	20 M	20 M	20 M	20 S	20 S	20 S	20 S	20 M	20 M	20 M	20 M	20 M	20 M	20 M	20 F	20 F		
21 M		21 F		21 L		21 L		21 Þ	21 Þ		21 S	21 S	21 S	21 S	21 M	21 M	21 M	21 S	21 S	21 S	21 S	21 M	21 M	21 M	21 M	21 M	21 M	21 M	21 F	21 F		
22 Þ		22 F		22 S		22 S		22 M	22 M		22 M	22 M	22 M	22 M	22 Þ	22 Þ	22 Þ	22 F	22 F	22 F	22 F	22 M	22 M	22 M	22 M	22 M	22 M	22 M	22 L	22 L		
23 M		23 L		23 M		23 M		23 F	23 F		23 M	23 M	23 M	23 M	23 Þ	23 Þ	23 Þ	23 L	23 L	23 L	23 L	23 M	23 M	23 M	23 M	23 M	23 M	23 M	23 S	23 S		
24 F		24 S		24 F		24 F		24 M	24 M		24 M	24 M	24 M	24 M	24 Þ	24 Þ	24 Þ	24 L	24 L	24 L	24 L	24 M	24 M	24 M	24 M	24 M	24 M	24 M	24 M	24 M		
25 F		25 M		25 M		25 M		25 L	25 L		25 F	25 F	25 F	25 F	25 M	25 M	25 M	25 S	25 S	25 S	25 S	25 M	25 M	25 M	25 M	25 M	25 M	25 M	25 L	25 L		
26 L		26 Þ		26 F		26 F		26 S	26 S		26 M	26 M	26 M	26 M	26 Þ	26 Þ	26 Þ	26 L	26 L	26 L	26 L	26 M	26 M	26 M	26 M	26 M	26 M	26 M	26 M	26 M		
27 S		27 M		27 L		27 L		27 Þ	27 Þ		27 S	27 S	27 S	27 S	27 M	27 M	27 M	27 S	27 S	27 S	27 S	27 M	27 M	27 M	27 M	27 M	27 M	27 M	27 F	27 F		
28 M		28 F		28 M		28 M		28 Þ	28 Þ		28 S	28 S	28 S	28 S	28 M	28 M	28 M	28 S	28 S	28 S	28 S	28 M	28 M	28 M	28 M	28 M	28 M	28 M	28 F	28 F		
29 Þ		29 F		29 S		29 S		29 M	29 M		29 M	29 M	29 M	29 M	29 Þ	29 Þ	29 Þ	29 F	29 F	29 F	29 F	29 M	29 M	29 M	29 M	29 M	29 M	29 M	29 L	29 L		
30 M		30 L		30 M		30 M		30 F	30 F		30 M	30 M	30 M	30 M	30 Þ	30 Þ	30 Þ	30 L	30 L	30 L	30 L	30 M	30 M	30 M	30 M	30 M	30 M	30 M	30 F	30 S		
31 F						31 Þ		31 M	31 M		31 L	31 L	31 L	31 L	31 M	31 M	31 M	31 S	31 S	31 S	31 S	31 M	31 M	31 M	31 M	31 M	31 M	31 M	31 F	31 F		

Samkvæmt kjarasamningi sveitarfélaga við Kennarasambands Íslands skulu skóladagar nemenda vera 180 á tímabilinu 20. ágúst til 10. júní.

Sérstakir starfsdagar kennara á starfstíma nemenda eru fimm og skulu ákveðnir af skólastjóra í samráði við kennara og með hljóðn af kjarasamningum.

Starfsdagur kennara utan starfstíma nemenda eru 8.

Helstu viðburðir skólaársins

Ágúst

14.- 17. ágúst - Starfsdagar
18. ágúst - Skólasetning

September

8. sept. - Dagur læsis
9. sept. - Vinnudagur foreldra
16. sept.- Basar vinnudagur foreldra
25.- 29. sept. - Furudalsvika

Október

7. okt.- Basar vinnudagur foreldra
9. okt. - Foreldraviðtöl
10. okt. - Foreldraviðtöl
17.- 20. okt. - Þemadagar
23.- 27. okt. - Haustfrí
28. okt. - Fyrsti vetrardagur
31. okt. - Hrekkjavaka

Nóvember

8.nóv. - Stóri foreldradagurinn
10. nóv. - Luktarhátíð
16. nóv. - Dagur íslenskrar tungu
18. nóv. - Basar
20. nóv. – Starfsdagur

Desember

1. des. – Fullveldisdagurinn
3.des. - Aðventugarður
12. des. - Jólaskemmtun
19. des. - Jólamatúr
20. des. - Jólaball
21. – 5.jan. – Jólafrí

Janúar

1. janúar - Nýársdagur
4. janúar - Starfsdagur
6. janúar - Þrettándinn
19. janúar - Bóndad., þorrablót

22. janúar - Foreldraviðtöl

23. janúar - Foreldraviðtöl

Febrúar

6. feb. -Dagur leikskólans
7. feb. - Dagur tónlistarskólans
8. feb. - Sólarkaffi
11. feb. - Dagur íslenska táknmálsins
12. feb. - Bolludagur
13. feb. - Sprengidagur
14. feb. - Öskudagur
15.-20. feb. – Vetrarfrí

Mars

14. mars - Dagur stærðfræðinnar
15.-16.mars - Starfsmannahelgi
21. mars - Páskaskemmtun
22. mars – Páskamatúr
23.-1. apríl – Páskafrí

Apríl

2.apríl – Skóli hefst eftir páskafrí
25. apríl - Sumardagurinn fyrsti
26. apríl - Starfsdagur

Maí

1. maí - Verkalýðsdagurinn
4. maí - Vinnudagur foreldra
9. maí – Uppstigningardagur
10.maí – Skipulagsdagur kennara
14. - 17. maí - Ólympíuleikar
19. maí - Hvítasunnudagur
20. maí - Annar í hvítasunnu

Júní

2. júní - Sjómannadagurinn
7. júní - Skólaslit
10. - 14. júní - Starfsdagar
17. júní - Lýðveldisdagurinn

Tilhögun kennslu

Í Waldorfskólanum í Lækjarbotnum byggir skólastarfið á waldorfüppeldis- og kennslufræði. Mikil áhersla er lögð á að stuðla að alhliða þroska nemandans. Uppeldisfræðin hvílir á tveimur meginstoðum. Annars vegar viðhorfum til mannsins og þeirri sýn á veru og eðli mannsins sem birtist í mannspeki Rudolf Steiner og hins vegar þeim hugmyndum sem hann setti fram um félagslega uppbyggingu samfélagsins. Kennsluáætlanir og lotuplön sem gefa yfirlit yfir hvert skólaár eru aðgengilegar á vef Waldorfskólans og afhent foreldrum í upphafi skólaárs.

Jöfn áhersla er lögð á vitsmunalegan, tilfinningalegan og líkamlegan þroska nemandans. Með vitsmunabroska er m.a. átt við skólun skapandi hugsunar með tilliti til almennra þekkingar og fræðilegra þátta. Með tilfinningabroska er m.a. átt við listrænan þroska, fagurfræðilegt skynbragð, siðgæðis- og félagsþroska. Með líkamlegum þroska er m.a. átt við hreyfingabroska, skólun viljans og verklega leikni. Rík áhersla er á listræna og verklega nálgun í allri kennslu. Reynt er að samtvinna alla þessa þætti þar sem mögulegt er og hafa kennsluna eins fjölbreytta og viðfangsefni og aðstæður bjóða upp á. Leitast er við að ná fram lifandi áhuga nemandans á viðfangsefnunum og koma til móts við þarfir og kröfur hans sem einstaklings.

Í Waldorfskólanum Lækjarbotnum byggir kennslan á framsögn og miðlun kennarans sem verður að hafa tileinkað sér námsefnið, unnið úr því og gert að sínu eigin fyrir kennslu. Mikil áhersla er á jákvæð viðhorf, sjálfstæð vinnubrögð og skapandi vinnu. Samkenntla er í 2.-3. bekk, 4.-5. bekk, 6.-7. bekk, 8.-9. bekk en 1. bekkur og 10. bekkur eru stakir þetta skólaárið. Náið samstarf er milli Waldorfskólans Lækjarbotnum og Waldorfsleikskólans Yls en þessar tvær einingar eru undir sama þaki, með sameiginlegt útisvæði, eldhús og skrifstofu. Hægt er að nálgast bekkjarnámskrár á heimasíðu skólans undir [Bekkjarnámskrár](#)

Í Waldorfskólanum Lækjarbotnum er staðsetning afgerandi og mótar uppeldisstarfi sem fer fram innan stofnunarinnar. Nemendum gefst kostur á að komast í nána snertingu við náttúruna og lifa með hrynjandi árstíðanna. Náttúran og náttúruupplifanir tengjast skólastarfinu á margan hátt. Námsfnið er samofið við náttúruna í Lækjarbotnum í gegnum útinám og útiveru. Hreyfing er stunduð utandyra á vorin og haustin, nemendur hafa tækifæri á skíðaiðkun á veturna og eru hvött til að njóta útiveru hvernig sem viðrar. Verkgreinar fara að hluta til fram utandyra svo sem smíði og við kennslu áttthaga- og náttúrufræði er nærumhverfi skólans vettvangur fyrir athuganir og upplifunarnám nemenda.

Reynslan hefur sýnt okkur að í okkar nútíma samfélagi er mikilvægt að hlúa að mannlegum samskiptum. Waldorfskólinn leggur mikla áherslu á félagsþroska og á það að skapa nálægð, annars vegar á milli nemenda og kennara, og hins vegar barnanna á milli óháð aldri og þroska.

Við viljum að nemendur geti umgengist af virðingu og metið verðleika hvers annars. Við gefum þeim eldri tækifæri til að sýna þeim yngri umhyggju og virðingu og þau yngri upplifa dugnað og færni þeirra eldri sem skapar lotningu og eftirvæntingu hjá þeim.

Í tengslum við árstíðabundnar hátíðir, sköpum við vettvang þar sem bekkirnir vinna saman þvert á árganga eða gera góðverk hver fyrir annan og ýmsir aðrir þættir skólastarfsins miða að því að efla félagsvitund.

Nemendaverndarráð

Hlutverk nemendaverndarráðs er að samræma sérfræðipjónustu við nemendur, þ.e. námsráðgjöf, sálfræðiráðgjöf, skólahjúkrun og aðra stoðþjónustu. Nemendaverndarráð fjallar um sérstök úrræði fyrir einstaka nemendur eða nemendahópa og metur hvaða viðbótar upplýsinga er þörf. Ráðið tekur ákvörðun um aðgerðir og framkvæmd þeirra. Í nemendaverndarráði situr skólastjóri og fulltrúi kennara. Leitað er til menntasviðs Kópavogs eftir ráðgjöf og stuðningi í málum nemenda eftir þörfum. Nemendaverndarráð starfar samkvæmt Reglugerð um sérfræðipjónustu sveitarfélaga við leik- og grunnskóla og nemendaverndarráð í grunnskólum nr. 584/2010. Á fundum ráðsins er farið yfir þau mál sem vísað er til þess eða eru í vinnslu innan skólans. Ávallt skal upplýsa foreldra um að máli barna þeirra sé formlega vísað til nemendaverndarráðs. Farið er með allar persónulegar upplýsingar sem trúnaðarmál. Ákvörðun um forgangsörðun mála er tekin af nemendaverndarráði skólans.

Stuðnings- og sérkennsla

Hlutverk skólans er að styðja nemendur til heilbrigðs þroska í gegnum skólagönguna og hlúa að alhliða þroska nemenda, líkamlegum, andlegum og vitsmunalegum. Grundvöllur sérkennslu er greining á þörfum nemandans. Greiningar á þörfum nemenda eru metnar af umsjónarkennara og fagkennara eða sérfræðingum sem skólinn fær inn til ráðgjafar. Sérkennsla tekur mið af bekkjarkennslunni sem mótask fyrst og fremst af þekkingu umsjónarkennara og fagkennara á þroska barnsins og verður þannig viðbót við það starf sem unnið er í bekkjunum.

Markmið sérkennslu

- Að mæta þörfum nemandans.
- Að styrkja sjálfsmýnd og sjálfstæði nemandans.
- Að efla hæfni nemenda til félagslegra samskipta.
- Að auka færni nemenda í ákveðnum námsgreinum.

Leiðir: Sérkennsla fer ýmist fram í sérkennslustofu eða inni í bekk. Fagkennari og umsjónarkennari meta hvern nemanda fyrir sig og gera einstaklingsáætlun þegar þörf þess krefst. Í sumum tilvikum getur sérkennsla farið fram að meginhluta inni í bekk og/eða í aukatímum í sérkennslustofu.

Mat: Í upphafi og lok stuðningstímabils leggur fagkennari mat á stöðu nemenda. Til stuðnings eru einnig upplýsingar frá kennurum og forráðamönnum. Til að tryggja hag nemanda leitast fagkennari eftir stuðningi og fræðslu hjá fagaðilum utan eða innan skólans ef með þarf til að tryggja hag nemenda í samvinnu við nemendaverndarráð.

Logos

Logos er greiningartæki til að greina dyslexíu og aðra lestrarerfiðleika hjá börnum, unglingum og fullorðnum. Greiningin er tvíþætt, annarsvegar er skimun í upphafi haustannar hjá 5. bekk og 8. bekk. Foreldrar, kennarar eða sérkennari getur beðið um greiningu fyrir barn. Greining fer fram með samþykki foreldris og er kallað til fundar ef niðurstaðan er dyslexía. Skýrsla er afhent foreldri og rætt um þá þjónustu sem börn fá í kjölfarið. Foreldrum er bent á að geyma þessa skýrslu því nemendur geta lagt hana fram við inngöngu í framhaldsskóla.

Þjónusta sem nemendum skólans er boðið uppá, ef þau njóta hennar ekki þegar, er í flestum tilvikum

- aukin lestrarþjálfun í samvinnu við foreldra þar sem lesið er heima og gefin tími til æfingalesturs í skólanum
- í nokkrum tilfellum þarf að gera einstaklingsnámskrá og laga námið að nemanda
- útprentuð blöð með stóru lettri til að auðvelda skrif á texta í kennslubók

Í Waldorfskólanum Lækjarbotnum er ekki sett fyrir próf en tillit er tekið til nemenda sem taka kannanir á unglingastigi og þeim gefið tækifæri á að hafa lengri tíma til úrlausna og kost á að fá upplestur á könnun fyrir sig.

Milli mála

Milli mála er staðlað málkönnunarpróf sem mælir aldurstengdan námsorðaforða á íslensku og er lagt fyrir alla nemendur sem eru með fjölbreyttan tungumálabakgrunn. Niðurstöður prófsins gefa vísbendingar um hversu mikið barnið skilur af því sem fram fer í kennslustundum og hver stuðningsþörf barnsins er. Prófið er lagt fyrir eftir 2 ára skólagöngu á Íslandi og síðan almennt fyrir nemendur í 4., 7. og 9. bekk eða eftir þörfum.

Heimanám

Tilgangur

Í Waldorfskólanum tengist heimanám þroskastigi barna og umhverfi þess. Heimanám í hefðbundnum skilningi er ekki viðhaft á yngsta stigi en allt bóklegt og verklegt nám barnsins fer fram í skólanum. Flest verkefni eru munnleg og verkleg og eru foreldrar hvattir til að virkja börn sín í að taka þátt í daglegum athöfnum og vinna með hugtök og að dýpkun skilnings þeirra á námsefninu. Á miðstigi hefst heimanám með þeim hætti að í vikulok fer kennari yfir verkefni vikunnar og ef vantar upp á vinnu taka nemendur námsbækur sínar heim til að fullvinna. Einnig eru nemendur hvattir til að afla upplýsinga um ákveðin námsefni. Á unglingastigi hefst hefðbundið heimanám.

Umfang

Heimanám er einstaklingsmiðað og fer eftir hvar barnið er statt þroska- og vitsmunalega séð. Á unglingastigi er fyrst ætlast til að nemendur stundi hefðbundið heimanám og skili skrif- og lestrar verkefnum ásamt öðrum verkefnum sem kennarar leggja fyrir.

Skipulag

Kennarar leggja fyrir heimanám og virkja nemendur til sjálfstæðra vinnubragða. Á yngra- og miðstigi eru foreldrar virkjaðir til þátttöku með tillögum frá kennurum til að tengja námsefnið við daglegt líf nemenda.

Dagshrynjandi

Nemendur koma flestir með skólarútunni í skólann og er hún komin í Lækjarbotna kl. 8:35. Skóladagurinn hefst með morgungöngu á haustin og vorin, en þá stoppar rútan við afleggjarann upp í Lækjarbotna og börnin ganga síðasta spölinn í skólann ásamt kennurum og starfsfólki um 1 km gönguleið. Yfir háveturinn hefst skóladagurinn á morgunsöng, en þá safnast allir nemendur og kennarar skólans saman í árgangaskiptum skólabyggingum og syngja morgunsöng.

Morgunstund	Millitími	Eftirtími
Fyrsta eykt	Önnur eykt	Þriðja eykt
40min	40 min	40 min
40min	40 min	40 min

Stundatöflu er skipt í þrjár eyktir og eru þrjú fög kennd á í þrjá til fjóra daga í fjögurra vikna lotum.

Á mið- og unglingastigi eru fagttímar kenndir tvo daga í viku, mánudag og þriðjudag. Áhersla er lögð á samþættingu námsgreina. Fyrsta eykt er morgun kennslustund þar sem bókleg fög eru kennd í fjögurra vikna lotum, fimm daga vikunnar. Eftir morgun hressingu og útiveru er önnur eykt þar sem tungumál og listræn fög eru kennd í fjögurra vikna lotum. Í hádeginu snæðir hver bekkur með kennara eða leiðbeinanda. Áhersla er lögð á að nemendur fái tækifæri til samskipta og umræðna við samnemendur sína og starfsfólk skólans. Þá er hádegismatur þar sem hver bekkur snæðir með kennara.

Eftir hádegi er þriðja eykt sem inniber útiveru og leiki hjá yngri bekkjunum en frá 5. bekk eru listræn og verkleg fög kennd í fjögurra vikna lotum. Í lok dags er hressing áður en skólarúturnar leggja af stað heim kl. 14:30. Nemendur í 1.-5. bekk fara í vettvangsferðir með nesti einu sinni í viku (á mánudögum). Nemendur 6.-10. bekkur eru með vikulega fagttíma í íslensku, stærðfræði og dönsku, fyrir utan lotukennsluna sem og bekkjartíma /lífsleiknitíma.

Starfsáætlun nemenda

Fjöldi kennslustunda og skipting milli greina er í samræmi eftirfarandi töflu úr aðalnámskrá grunnskóla. Í töflunni eru sýndar mínútur á viku en í Waldorfskólanum Lækjarbotnum eru tvær 40 mínútna kennslustundir samliggjandi í þrem eyktum á dag.

Námssgreinar – Námssvið	1.-4. bekkur	5. – 7. bekkur	8. – 10. bekkur	Vikulegur kennslutími	Vikulegur kennslutími
	Heildartími í 1. - 4. bekk. Minútur á viku	Heildartími í 5. - 7. bekk. Minútur á viku	Heildartími í 8. - 10. bekk. Minútur á viku	Heildartími í 1. - 10. bekk. Minútur á viku	Hlutfall
Íslenska, íslenska sem annað tungumál og íslenskt táknmál	1.120	680	630	2.430	18,08%
Erlend tungumál; enska, danska eða önnur Norðurlandamál	80	460	840	1.380	10,27%
List- og verkgreinar	900	840	340	2.080	15,48%
Náttúrugreinar	420	340	360	1.120	8,33%
Skólaþróttir	480	360	360	1.200	8,93%
Samfélagsgreinar; trúarbragðafræði, lífsleikni, jafnréttismál, siðfræði	580	600	360	1.540	11,46%
Stærðfræði	800	600	600	2.000	14,88%
Upplýsinga- og tæknimennt	120	160	80	360	2,68%
Til ráðstöfunar /Val	300	160	870	1.330	9,90%
Alls	4.800	4.200	4.440	13.440	100%

Nánari útfærsla kennslutíma

- 1. bekkur 30 kennslust./viku
- 2. -3. bekkur 30 kennslust./viku
- 4.-5. bekkur 32 kennslust./viku
- 6.-7. bekkur 35 kennslust./viku
- 8.-9. bekkur 37 kennslust./viku
- 10. bekkur 37 kennslust./viku

Í 1. bekk í Waldorfskólanum Lækjarbotnum er dagurinn ekki skiptur upp í kennslustundir heldur er reynt að skapa heildræna kennslu þar sem virðing fyrir hinu litla barni er í hávegum höfð. Að kennslan styðji við það að barnið tengist sjálfu sér og umheimi sínum og geti notað krafta sína á sjálfstæðan hátt, þegar fram líða stundir. Á þessum árum er mest unnið með vilja, þ.e. lært út frá því að framkvæma og í gegnum það ná til krafta hugans.

Til að ná þessum markmiðum hafa dagarnir, vikurnar og árið sinn reglubundna hrynjanda sem tengist árstíðunum. Börnin fá tilfinningu fyrir deginum, vikunni, fyrir árstíðunum og hvíla í þessum hrynjanda.

Leitast er við að námið sé ríkt af upplifunum og handföstum verkefnum sem alltaf tengjast barninu og nærumhverfi þess.

Í 2.-3. bekk eru viðfangsefnin íslenska og stærðfræði, handavinna, málun, formteikning, matreiðsla, umhverfismennt/garðyrkja, lífsleikni og félagsþroski, Bothmer leikfimi, smíði, tónlist og leiklist í stundaskrá.

Í 4.-5. bekk eru viðfangsefnin formteikning, íslenska, stærðfræði, enska, norrænt tungumál, lífsleikni og félagsþroski, samfélagsfræði, áttahagafræði, umhverfismennt og útivist, ýmis konar handverk: tálgun, málun og teikning, handavinna og matreiðsla. Einnig er tónlist og leiklist í stundaskrá.

Í 6.-7. bekk eru viðfangsefnin landafræði, íslenska, enska, danska, formteikning og stærðfræði. Aðrar námsgreinar eru: samfélagsfræði, handavinna, tónlist, leiklist og Bothmer leikfimi, umhverfismennt og garðyrkja, útivist og hreyfing, matreiðsla og bakstur.

Í 8.-9. bekk eru viðfangsefnin íslenska, stærðfræði, danska, enska, samfélagsfræði, náttúrufræði, landafræði, formteikning, stjörnufræði, eðlisfræði, jarðfræði, leiklist, Bothmer leikfimi og íþróttir, smíðar, handavinna, eldsmíði, garðyrkja og matreiðsla.

Í 10. bekk eru viðfangsefnin stærðfræði, íslenska, danska, enska, lífsleikni, samfélags- og trúarbragðafræði, stjörnu- og veðurfræði, jafnréttis- og kynjafræði, Bothmer leikfimi og íþróttir, upplýsingatækni, eðlis- og efnafræði, líffræði, jarðfræði, mannkynssaga, landafræði, náttúrufræði, vistfræði og garðyrkja. Að auki er handavinna, smíðar, eldsmíði, leiklist og tónlist.

Samræmd próf

Samræmd könnunarpróf eru ekki á skólaárinu 2023-2024.

Vettvangsferðir og skólaferðalög

Á yngsta og miðstigi eru vettvangsferðir alla mánudaga. Í lok skólaárs fara allir nemendur með umsjónarkennurum sínum í skólaferðalag. Í lok 10. bekkjar er farið í útskriftarferð til Evrópu en aðrir árgangar ferðast innanlands.

Á haustönn eru skipulögð ferðalög að þessu sinni eftirfarandi:

Skólinn hefur heimsótt Skaftholt, einu sinni til tvisvar á ári. Nemendur í 4.-5 bekk fara árlega í heimsókn og gista tvær nætur í litlu sumarhúsi, elda og vaska upp, taka þátt í daglegum bústörfum og eiga ógleymanlegar stundir með hvort öðru og kynnast samfélaginu í Skaftolti í starfi, leik og skemmtun s.s. á sameiginlegum kvöldvökum. Skólinn er með sterk vinabönd við Skaftholt en það er bóndabær í Gnúpverjahreppi. Þar er stunduð lífræn ræktun og þar er jafnframt sambýli fatlaðra einstaklinga.

Nemendur í 6.-7. bekk fara í þriggja daga fræðsluferð í Borgarnes og heimsækja Landnámssetrið í tengslum við íslenskulotu í Egilssögu. Þaðan er farið að Brún í Borgarnesi og gengið á Hestfjall til að fræðast um steindir í tengslum við jarðfræðilotu.

Nemendur í 8.-9. bekk fara í fjögurra daga göngu frá Landmannalaugum, Laugarveginn, að Þórsmörk á haustönn. Gangan eflir félagsleg tengsl, þrautseigju nemenda og ánægju útivistar. Á hluta göngunnar eru nemendur hvattir til að ganga einir í röð til að fá tíma til að íhuga umhverfi sitt og njóta stórbrotinnar íslenskrar náttúru með sjálfum sér.

Á skólaárinu mun 10. bekkur heimsækja Syðra-Holt í Svarfaðardal í tengslum við vistfræðilotu. Þar kynnast nemendur lífrænni ræktun og moltugerð en bændur á Syðra-Holti eru miklir frumkvöðlar í

vistrækt (permaculture). Nemendur kynnast hvernig hægt er að nota matarafganga og lífrænan úrgang til að búa til moltu sem bætir jarðveg til áframhaldandi ræktunar án þess að tæta jarðveg með tilheyrandi kolefnislosun.

Foreldraviðtöl og foreldrafundir

Foreldraviðtölin byggja á 20 mínútna einstaklingsviðtölum við foreldra barna í skólanum. Bekkjarkennari og eftir atvikum fagkennari eða sérkennari ræða um börnin, þroska þeirra og námsframtíð, líðan og félagslega stöðu. Viðtölin fara fram tvisvar sinnum á vetri, einu sinni á hvorri önn. Á unglingastigi eru nemendur boðaðir með foreldrum í foreldraviðtöl a.m.k. einu sinni á vetri. Bekkjarkennari á einnig formlegt samtal við hvern einstakan nemanda á unglingastigi einu sinni á vetri innan skólatíma. Þar fyrir utan er reynt að skapa rými fyrir einsleg samtöl þegar þess er þörf. Nemendur hafa almennt mjög gott aðgengi að kennurum og lögð er áhersla á trúnaðartraust milli nemenda og kennara.

Einnig eru haldnir foreldrafundir hjá hverjum bekk tvisvar til fjórum sinnum á ári sem þar sem allir foreldrar bekkjarins koma saman. Bekkjarkennari heldur utan um þessa fundi og erum þeir einkum ætlaðir til að miðla upplýsingum, ræða um kennsluefnið og þroskaferil barnanna, félagslega stöðu og líðan nemenda. Við skólasetningu fá allir foreldrar afhenda foreldrahandbók þar sem fram koma upplýsingar um skólastarfið á komandi skólaári. Einu sinni á hverju skólaári er foreldrafundur sem allir foreldrar eru boðaðir á. Sá fundur er haldin á vorönn en á sér ekki fastan dag í skóladagatali. Þá er gjarnan fenginn utanaðkomandi aðili til að halda erindi um eitthvað ákveðið þema, Waldorffupplýsingar eða annað sem tengist starfi skólans og er til fræðslu og uppbyggingar.

Sú sérstaða tíðkast í mörgum Waldorfskólum að kennarar yngstu barnanna (1.-4. bekk) fari í heimsókn á heimili nemenda sinna. Heimsóknin veitir kennaranum tækifæri á að upplifa barnið á heimavelli þess og njóta samveru með foreldrum og barninu í þeirra umhverfi. Þetta er gert þar sem því er komið við. Hver kennari ákveður símatíma og með hvaða hætti þeir haga símtölum frá foreldrum. Foreldrum er einnig bent á að hringja á skólatíma og kennari hringir til baka þegar tækifæri gefst.

Val nemenda í 8.-10. bekk

Waldorfskólinn metur val foreldra og nemenda á að stunda nám við skólann sem hluta af vali nemenda í 8.-10. bekk. Valnámskeið eru kennd í lotum og er hver tími tvöfaldur. Tvöfaldi valtíminn er kenndur í lotu að vori. Valnámskeið eru skipulögð í samráði við þarfir og óskir bekkjarins og einkum hugsuð til að víkka út sjóndeildarhring nemendanna og stuðla að aukinni lífsfyllingu. Þær óskir sem komið hafa fram þetta árið er m.a. matreiðsla, leiklist og fjallgöngur. Nemendum gefst einnig kostur á að skrá niður þátttöku sína í tómstundum/íþróttum eða skipulögðu félagslífi eða sjálfboðastarfi og fá þær metnar sem valfag (mest fjórar kennslustundir á viku).

Nemendur í 10. bekkur vinna að listrænu lokaverkefni. Hver nemandi velur eigið viðfangsefni sem hann vinnur að alla önnina í samráði við leiðbeinanda. Verkefnið felst í því að búa eitthvað til frá grunni og útlista það skriflega og á listrænan hátt með framsögu við hátíðlegt tækifæri. Þetta samsvarar um tveimur klukkustundum á viku yfir skólaárið. Nemendur velja einnig í samstarfi við umsjónarkennara hvert farið er í útskriftarferð.

Samstarf við aðra skóla

Skólinn á ekki í formlegu samstarfi við aðra skóla en töluvert er um bekkjarferðalög skandinavískra og baltneskra Waldorfnemenda og kennara til Íslands og hafa þeir fengið gistingu í skólanum og myndað tengsl við íslenska Waldorfnemendur. Nemendafélagið og einstaka bekkir skólans hafa fengið boð og boðið heim nemendum úr Waldorfskólanum Sólstöfum til að taka þátt í sameiginlegum skemmtunum.

Skólabragur og skólareglur

Grundvöllurinn að góðu skólastarfi er að hver og ein manneskja sýni sjálfri sér, öðrum og umhverfi sínu virðingu með framkomu sinni, orðum og gerðum. Við þurfum hvert og eitt að taka ábyrgð á sjálfum okkur í samfélagi manna og sýna vilja til góðra verka. Í stað þess að einblína á reglur, boð og bönn er hvatt til jákvæðra samskipta, því að byggja upp sjálfstraust og sjálfsaga. Með því að þjálfa með nemendum sjálfsstjórn er lögð áhersla á að rækta með þeim hæfnina til þess að meta aðstæður, hugsa áður en þeir framkvæma og meta hugsanlegar afleiðingar orða og verka. Með auknum sjálfsaga læra nemendur að taka ábyrgð á orðum og athöfnum.

Skólareglur eru settar fram af starfsfólki skólans og nemendum sjálfum og yfirfarnar reglulega.

1. Nemendur koma fram af virðingu við starfsfólk skólans og samnemendur og sýna almenna kurteisi og tillitsemi í orði og verki.
2. Nemendur fylgja fyrirmælum starfsfólks.
3. Nemendur ganga hljóðlega um skólahúsnæði. Skólinn er vinnustaður okkar allra, hver starfsmaður og nemandi á rétt á því að fá frið til að sinna sínum verkefnum í leik eða starfi.
4. Nemendur ganga vel um skólann, eigur hans og annarra jafnt úti sem inni.
5. Skólalóðin er leiksvæði okkar allra og við sýnum sanngirni í leik og starfi. Snjókast stundar engin/n án gagnkvæmrar vitundar og samþykkis annarra. Þetta á við um alla leiki. Nemendur renna sér á sleðum sunnan megin við rauða húsið. Krafa er um hjálm og annan viðeigandi hlífðarbúnað ef börnin renna sér á öðru en venjulegum snjópotum (s.s. stýrissleðar, snjóbretti, skíði o.þ.h).
6. Ekki er leyfilegt að stunda fótbolta á skólalóðinni.
7. Ekki er leyfilegt að yfirgefa svæðið nema með sérstöku leyfi.
8. Notkun farsíma eða annarra rafeindatækja er ekki leyfileg á skólatíma.
9. Nemendur mæta ekki með sælgæti eða tyggigúmmí í skólann.

Frávík frá skólareglum

Mikilvægt er að starfsmenn, foreldri og nemendur séu meðvituð um æskilega hegðun og viðbrögð við hegðunarfrávikum. Hegðunarfrávikum er skipt upp í tvö stig eftir alvarleika. Flestum málum lýkur yfirleitt með leiðsögn og ábendingu, það á við um öll mál sem flokkast undir fyrsta stigs hegðunarfrávik.

1. stigs hegðunarfrávik

Hegðunarfrávik þar sem ætla má að tilfinningaviðbrögð, sinnu- og skeytingarleysi ráði för og því ástæða til að leiðbeina barni um hegðun. Dæmi:

- Fylgir ekki fyrirmælum.
- Ögrun, þras, endurtekin rifrildi, hávaði sem truflar athafnir og vinnu annarra.
- Særandi eða niðrandi orðbragð.
- Hrindingar og ögrandi snertingar.
- Óstundvísi og of sein mæting í tíma.
- Símanotkun og notkun annarra tækja með óleyfilegum hætti.

Viðbrögð og eftirfylgni 1. stigs frávíka

Nemandi er tekinn afsíðis frá hópnum og rætt er við hann. Grennslast fyrir um málsatvik. Nemanda er leiðbeint og lögð áhersla á að hann skilji hvaða reglu hann braut og viti hvernig hann á að bregðast við næst. Lögð er áhersla á að kennari/starfsmaður hrósi nemanda fyrir samvinnu. Ef nemandi sýnir ítrekað fyrsta stigs hegðunarfrávik samsvarar það 2. stigs hegðunarfrávik og skal framfylgt samkvæmt því.

2. stigs hegðunarfrávik

Hegðunarfrávik þar sem ætla má að illgirni, mikil vanstilling og/eða vanvirðing ráði athöfnum og/eða orðum nemenda, atferli sem veldur öðrum vanlíðan. Dæmi:

- Endurtekin stríðni, vanvirðing og eða hrekkir.
- Stympingar og áflog.
- Óhlýðni og móttprói við að fylgja fyrirmælum.
- Skróp í tíma.
- Endurtekin notkun síma og annarra tækja með óleyfilegum hætti.
- Skemmdir eða hnupl á eigum skólans eða annarra.

Viðbrögð og eftirfylgni 2. stigs frávik

Kennari hefur samband við foreldri/a eða forráðafólk. Kennari skráir atvikið. Daginn eftir gera foreldrar grein fyrir því hvaða niðurstöður samtal þeirra og nemenda skilaði með símtali eða tölvupósti. Ef kennari telur þörf á eru foreldri ásamt barni boðuð í samtal.

Ef nemandi sýnir ekki breytingu á hegðun sinni eftir 2. stigs frávik

Ef nemandi sýnir ekki breytingu á hegðun sinni enda þá orðin alvarleg truflun á skólastarfi þá kallar bekkjarkennari námsráðgjafa, foreldri/a og barn á fund þar sem unnin er fram umbótaáætlun. Bekkjarkennarar, námsráðgjafi og foreldri/ar vinna fram umbótaáætlun fyrir börn fram að 7. bekk. Nemandinn er síðan kallaður á fund þar sem farið er yfir umbótaáætlunina. Nemendur frá 7.- 10. bekk koma að gerð eigin umbótaáætlunarinnar.

Skólaráð, foreldrafélag og nemendaráð

Skólaráð Waldorfskólans starfar í samræmi við Lög um grunnskóla nr. 91/2008 og *Reglugerð um skólaráð við grunnskóla*. Í skólaráði Waldorfskólans eiga sæti skólaárið 2023-2024 fyrir hönd skólans, skólastjóri Hildur Margrétardóttir og Marie Luise Alf, mentor. Fulltrúar foreldrafélagsins eru Hafdís Hrund Gísladóttir og Magnea Tómasdóttir. Nemendaráð situr einn skólaráðsfund á önn.

Starfsáætlun skólaráðs

Hlutverk ráðsins er fyrst og fremst samráðsvettvangur starfsmannaráðs og skólasamfélagsins um skólahald. Í skólaráði sitja tveir fulltrúar starfseminnar og tveir fulltrúar foreldra. Einnig eiga tveir fulltrúar nemenda í nemendaráði aðgang að skólaráði. Skólaráðið tekur þátt í stefnumörkun fyrir skólann og mótun sérkenna hans í samræmi við stefnu skólans í uppeldisfræði og stefnu menntamálaráðuneytis um skólahald.

Skólaráð Waldorfskólans fjallar um:

- Skólanámskrá, ársskýrslu, rekstraráætlun, starfsáætlun og aðrar áætlanir um skólastarfið.
- Fjallar um fyrirhugaðar meiriháttar breytingar á skólalæddi og starfsemi skólans og gefur umsögn áður en endanlegar ákvarðanir um þær eru teknar.
- Fylgist með öryggi, húsnæði, aðstöðu, aðbúnaði og almennri velferð nemenda.
- Fjallar um skólareglur, umgengnishætti í skólanum.
- Fjallar um erindi frá skólanefnd sveitarfélags, foreldrafélagi, starfsmannaráði, nemendafélagi, einstaklingum, menntamálaráðuneyti og öðrum aðilum og veitir umsögn sé þess óskað og aðstæður eru til.
- Skólaráðið fjallar ekki um málefni einstakra nemenda, foreldra eða starfsfólks skóla.

Ábyrgð fulltrúa í skólaráði

Skólaráðsfulltrúum er skylt að gæta trúnaðar varðandi upplýsingar um einstaklinga, nemendur, starfsmenn skólans eða annað sem þeir verða áskynja um í starfi sínu. Skólaráð fundar þrisvar á haustönn og tvisvar á vorönn, boðað er til fundar með viku fyrirvara. Aðalfundur er haldinn í desember og boðaður með tveggja vikna fyrirvara. Dagskrá sendist út með dags fyrirvara. Ef einhver málefni þurfa að koma á dagskrá skólaráðsfundar þarf að berast tilkynning með 2 daga fyrirvara. Fundur er lögmætur ef meira en helmingur stjórnarmanna er á fundi. Heimilt er að fella niður fund ef mæting næst ekki.

Foreldrafélag

Innan foreldrafélagsins vinna þrír hópar – Hugur, Hjarta, Hönd – hver með sínar áherslur. Oddvitar foreldrafélagsins leiða hvern þessara hópa, sem hittast einu sinni í mánuði. Á 6-8 vikna fresti hittist stjórn foreldrafélagsins til að vinna að málefnum sínum auk þess að stilla saman strengi með vinnuhópunum. Hópar innan foreldrafélagsins funda eftir þörfum.

Hugur

Hugur einbeitt sér að skýrum samskiptaleiðum foreldra, skóla og barna. Stendur m.a. fyrir fyrirlestrum og fræðslu af ýmsum toga og styður við nemendaráð. Tekur þátt í gerð foreldrahandbókar og útfærslu á fréttabréfi.

Hjarta

Hjartað er hlýjan í starfsemi foreldrafélagsins. Það einbeitt sér að því að byggja upp samfélagið með það fyrir augum að rækta vináttu, gestrisni og þakklæti. Hjartað sér um að bjóða nýja foreldra formlega velkomna í samfélagið og hjálpar til við skipulagningu á hátíðum og samkomum yfir árið þar með talið jólabasarinn, opið hús og samverustund foreldra.

Hönd

Höndin beinir kröftum sínum að umhverfi skólans. Hún vinnur að því að viðhalda mannvirkjum á skólalóðinni, að fegra umhverfið og að tryggja öryggi nemenda og kennara. Handarhópurinn sér m. a. um að: skipuleggja viðhald á skólahúsnæðinu, þróa útileiksvæði, fegra umhverfið m.a. með skógrækt, skipuleggja vinnuhelgar og helgarþrif.

Nemendaráð

Jökull Máni Bjarkarsson, 8. bekk.

Óskar Andrússon, 8. bekk.

Sigurrós Kristín S. Hjörvar, 8. bekk.

Karítas Jónsdóttir, 9. bekk.

Magnús Karl Jónsson, 10. bekkur

Gabriel Kristinn Kristjánsson, 10. bekkur

Iris Anna Kalkidan J. Felixon, 10. bekk
Hallveig Elfasdóttir, 10. bekk

Starfsáætlun nemendaráðs

Við Waldorfskólanum í Lækjarbotnum starfar nemendaráð og bera bekkjarkennarar ábyrgð á stofnun þess. Í nemendaráði situr a.m.k. einn fulltrúi úr hverjum árgangi í 8.-10. bekk sem nemendur úr þessum bekkjardeildum velja sjálfir. Nemendaráð vinnur m.a. að félags-, hagsmuna- og velferðarmálum nemenda og skal starfsmannaráð sjá til þess að nemendaráð fái stuðning eftir þörfum.

Nemendaráð hefur aðkomu að skólaráðsfundum og fær jafnframt til umsagnar fyrirhugaðar meiriháttar breytingar á skólahaldi og starfsemi skóla áður en endanleg ákvörðun um þær er tekin. Nemendaráð á reglulega fundi með kennara sem er tengiliður nemendaráðs og starfsmannaráðs.

Vinna í nemendaráði í Waldorfskólanum í Lækjarbotnum er formleg framlenging á grundvallarstarfi skólans sem felur í sér að kenna nemendum hvað samfélag er, hvaða lögum og reglum maður mætir þegar fólk á að vinna saman, af hverju leikreglur eru nauðsynlegar, og hvernig þær verða til. Hugsjón Waldorfskólans er sú að lýðræðisþátttaka nemenda skapi góð skilyrði fyrir nemendur skólans og sé mikilvæg forsendan fyrir opnu og öruggu námsumhverfi.

Það er afgerandi fyrir sjálfsmynd nemenda að þeir upplifi að þeir geti tekið þátt í því sjálfir hvernig skólasamfélagið mótast. Waldorfskólinn leggur áherslu á að þetta verður að gerast á uppeldisfræðilegan hátt. Væntingum um þátttöku og að fá að vera með í ákvarðanatöku verður að mæta með raunverulegum, en jafnframt raunsæjum hætti. Í 12. grein Barnasáttmálans segir að nemendur hafi rétt á að láta skoðanir sínar í ljós, með þeim tilgangi að hafa áhrif á ákvarðanir sem varða hag þeirra og að það sé tekið tillit til skoðana þeirra í samræmi við aldur og þroska. Í Waldorfskólanum í Lækjarbotnum gildir sú hefð að nemendurnir fái að upplifa, því eldri sem þeir verða, því meira ákvörðunarvald fái þeir innan skólasamfélagsins.

Foreldrasamstarf

Símaskrá

Símaskrá nemenda, foreldra og aðstandenda og starfsmanna er í Námfús og hefur hver foreldrahópur aðgang að sínum bekkjarlista. Símanúmer skólans er sýnilegt á heimasíðu skólans og ja.is.

Vefsíða

Á vefsíðu skólans koma fram allar helstu upplýsingar er varða skólastarfið. Foreldrar hafa sér svæði fyrir sig m.a. til fjáröflunar.

Foreldrahandbók

[Foreldrahandbók](#) er gefin út til þess að veita foreldrum og þá sérstaklega nýjum foreldrum innsýn í starf Waldorfskólans í Lækjarbotnum. Þessi handbók er til fyrir alla foreldra og geta þeir sótt bókina á foreldrahluta vefsíðu skólans. Handbókin er reglulega uppfærð.

Fréttabréf

Til þess að gefa foreldrum innsýn í daglega lífið í skólanum eru sendar út mánaðarlegar örfréttir þar sem farið er yfir helstu atriði skólastarfsins, árstíðarbundin verkefni, hátíðir og skipulag. Einnig senda

umsjónarkennarar með jöfnu millibili út tölvupósta til þess að leyfa foreldrum að fylgjast með því sem er í gangi hverju sinni hjá bekknum.

Samfélagsmiðlar

Skólinn er með opna Facebook- og Instagram síður þar sem valdar myndir birtast til að gefa foreldrum myndræna innsýn í skólastarfið. Gætt er að ljósmyndir séu ekki persónugreinanlegar til að uppfylla [persónuverndarstefnu skólans](#).

Mat á skólastarfi

Með Lögum um grunnskóla nr. 91/2008 er skólum gert að meta allt skólastarf með kerfisbundnum hætti. Matið er tvíþætt, annars vegar innra mat sem er það kerfi sem skólinn setur sjálfur upp til að meta sem flesta þætti í starfi sínu og hins vegar ytra mat sem er þá mat utanaðkomandi aðila.

Á vikulegum starfsmannafundum fer fram formlegt innra mat á skólastarfinu. Á fundunum eru þættir eins og nemenda- og starfsmannakannanir, foreldrafundir og foreldrasamtöl eru ígrunduð og metin, framkvæmd hátíða og skólaskemmtana eru endurmetin, þemadagar og aðrar upptákur svo sem starfsdagar, námskeið og fyrirlestrar eru teknir fyrir eftir að atburður hefur átt sér stað. Lagt er mat á undirbúning, framkvæmd og gildi atburðarins. Í matsferlinu koma oft fram hugmyndir að breytingum sem eru teknar saman og skoðaðar við undirbúning fyrir næsta skipti. Endurmatið er skráð í fundargerð sem síðar er tekið saman og skráð í viðburðarmöppu, eftir því sem við á.

Þverfaglegir fundir um einstaka bekkjardeildir eru haldnir reglulega þar sem fjallað er um bekkinn sem félagslega heild og einstaka nemendur. Tilgangur þverfaglegu fundanna er að skapa sem mesta heild milli bóklegra, verklegra og listrænna námsgreina og jafnframt að skapa sameiginlega vitund um nemendur innan hvers bekkjardeildar. Þetta er skráð í bekkjarmöppu. Starfsmannaráð hefur umsjón með innra mati skólans og skipulagi þess. Námsmat nemenda og sjálfsmat kennara er framkvæmt við hver lotuskil.

Viðfangsefni innra mats

Þeir þættir sem eru viðfangsefni innra mats á þessu skólaári eru eftirfarandi:

- að ljúka tillögum að matsferlum og viðmiðum námsmats, lotumats og leiðsagnarmats
- vinna að sjálfsmatsáætlun fyrir skólaárið 2024-2025
- meta skólanámskrá
- gera umbætur á námsumhverfi nemenda til að aðlagja enn betur að stefnu skólans

Umbótaáætlun

Teymi um innra mat fór yfir viðfangsefni innra mats og ákvað að leggja áherslur á að ljúka tillögum að matsferlum og viðmiðum, vinna að sjálfsmatsáætlun skólans fyrir komandi skóla ár, skýra matsferla, gera umbætur á námsumhverfi nemenda, meta skólanámskrá og leggja fram tillögur að framtíðarstefnu skólans.

Waldorfskólinn Lækjarbotnum 2023-2024

Viðfangsefni	Markmið	Viðmið	Gagnaðflun	Tímarammi	Ábyrgðaraðilar
Námsmat	Að ljúka tillögum að matsferlum og viðmiðum	Námsmat Lotumat Leiðsagnarmat	Eldri námsmatsgögn Skólanámskrá Nýttuðefnir gáttlistar	Skólaárið 2023-2024	Matssteymi og skólastjóri
Innra mat	Sjálsmatsáætlun 2023 samþykkt og unnið að gerð áætlunnar fyrir skólaárið 2024-2025	Sjálsmatsáætlun	Farið yfir fundargerðir og skóla- og leikskóladagatal Áætlun fyrir komandi skólaár unnið út frá skóla- og leikskóladagatali 2023-2024.	Vorönn skólansins 2023-2024	Skólastjóri og starfsmannaráð
Mat á námskrá	Skólanámskrá metin á árinu	Gáttlisti um mat á skólanámskrá	Farið yfir verkefna og skólanámskrá	Skólaárið 2023-2024	Skólastjóri og starfsmannaráð
Tillögur að framtíðarstefnu skólans	Að gera umbætur á námsunhverfi nemenda til að aðlagja enn betur að hugmyndafræði upplæðis- og kennslufræði Steiners.	Aðlagð að þroska barna og nemenda Væðing barna og nemenda haft að leiðarljósi Upplæðisfræði- og kennslufræði Steiners	Kennarar fýna eigið starf og koma með tillögur að umbótum Leikskólakennarar koma með tillögur að brú milli leikskóla og grunnskóla Foreldrafélag kemur með tillögur	Skólaárið 2023-2024	Starfsmannaráð, Fagráð og skólanefnd

Upplýsingar um stoðþjónustu

Skólaheilsugæsla

Heilsugæslan Urðahverfi sinnir lögbundinni heilsugæslu fyrir Waldorfskólann. Annað hvert ár boða hjúkrunarfræðingar nemendur til sín í Urðarhverfi til að sinna mælingum á vexti og þroska. Einnig er gerð hefðbundin skimun með sjón-, lit- og heyrnarmælingum. Einu sinni til tvisvar að vetri hefur skólinn staðið fyrir því að fá hingað til lands mannspekilækni. Mannspekilæknar eru með hefðbundna læknamenntun í grunninn en hafa því til viðbótar numið mannspekilækningar. Mannspekilæknir sinnir fyrst og fremst fræðslu og ráðgjöf til foreldra og starfsfólks.

Námsráðgjafi

Námsráðgjöf er hagað þannig að nemendur í elstu árgöngum skólans fá samtöl hjá námsráðgjafa á vegum Kópavogsbæjar varðandi framhaldsnám, starfskynningar og áhugasviðskannanir. Öðrum hlutverkum námsráðgjafa er sinnt með aðkeyptri þjónustu.

Sálfræði- og barnaverndarþjónusta

Sérfræðiþjónusta vegna nemenda er sótt til menntasviðs Kópavogs. Nemendur skólans hafa haft möguleika á að nýta sér þjónustu sem barnaverndarnefnd Kópavogsbæjar eða önnur sveitarfélög bjóða upp á í þeim tilfellum sem til þarf. Nemendaverndarráð ásamt umsjónarkennarar skólans hafa milligöngu með að nálgast þessa þjónustu.

Önnur sérfræðiþjónusta

Skólinn hefur aðgang að faglegri sérkennslu- og kennsluráðgjöf hjá menntasviði Kópavogs. Waldorfskólinn Lækjarbotnum leitar annarrar ráðgjafar svo sem frá sérfræðingum á sviði einhverfu, aðstoðar iðjuþjálfra og fleira þegar sú staða kemur upp.

Upplýsingar um tómstundastarf og félagslíf

Skólinn hefur löngum lagt mikla áherslu á ferðalög sem mikilvægt þroskataækifæri jafnt fyrir einstaklinginn og hópinn. Allir bekkir fara í eina eða fleiri ferðir yfir árið. Þetta eru bæði dagsferðir og lengri ferðir innanlands. Eldri bekkir skólans hafa einnig farið erlendis.

Eldri bekkir skólans hafa gist einu sinni til tvisvar á önn í skólanum til að styrkja tengslin innan bekkjarins og brjóta upp skólastarfið hverju sinni. Ýmsar aðrar uppákomur hafa verið, t.d. jólaball og hrekkjavökuball sem nemendaráð skipuleggur og uppákomur í tilefni af öskudeginum.

Foreldrafélag Waldorfskólans stendur fyrir ýmis konar uppákomum. Jólabasarinn er árlegur viðburður og taka foreldrar þátt í undirbúningi með þátttöku í ýmis konar vinnu við gerð handverks sem er til sölu á basarnum. Vinnuhelgi er mikilvægur félagslegur viðburður í Lækjarbotnum bæði á haustönn og vorönn. Þá hittast fjölskyldur barnanna með börnin með sér og sinna ýmis konar viðhaldi og umbótum á skólahúsnæði og útileiksvæði. Vinnuhelgar eru skipulagðar af foreldrafélaginu og starfsfólki skólans.

Símenntun

Starfsþróunaráætlun Waldorfskólans Lækjarbotnum er skjal í þróun þar sem skráð eru námskeið, fyrirlestrar og fræðslufundir sem skólinn skipuleggur fyrir starfsmenn sína.

Við skólann starfar fagráð sem ber ábyrgð á símenntun starfsmanna skólans. Starfsþróun, er almennur áætlaður tími utan við skipulagðan starfsramma skólaársins en einnig er heimilt að koma henni við á starfstíma skóla eftir nánara samkomulagi við kennara og starfsmenn. Starfsþróun má skipta í tvo meginþætti: Þættir sem eru nauðsynlegir fyrir skólann annars vegar og hins vegar þættir sem kennari metur æskilega eða nauðsynlega fyrir sig til að halda sér við í starfi eða bæti við nýrri þekkingu sem nýtist í starfi.

Hverjum skóla er skylt að gera starfsþróunaráætlun og skal hún kynnt kennurum. Fagráð ákvarðar almenna þörf fyrir námskeið og fræðslufundi út frá stefnu skólans, áhersluatriðum næsta vetrar og/eða þróunarvinnu næsta vetur á grundvelli sjálfsmat skóla. Endanleg ákvörðun símenntunar er í höndum starfsmannaráðs en skólastjóri ber endanlega ábyrgð á að símenntun starfsmanna sé í samræmi við starfsþróunaráætlun skólans.

Námskeið og gestakennarar

Í ágúst á hverju ári er haldið viku námskeið „Oslokurs“ í Waldorffuppeldis- og kennslufræðum á vegum Steiner-höyskolen Oslo og Rudolf Steiner University College í Noregi. Flestir kennarar og starfsmenn við skólann fara á þetta námskeið sem er viðurkennd símenntun fyrir Waldorfkennara á Norðurlöndunum en nokkrir hafa valið að fara á aðrar ráðstefnur og námskeið sem lúta að þeirra sérsviði, til dæmis stærðfræði, upplýsinga- og tæknimennt og stjórnun. Allir kennarar og starfsmenn í skólanum hafa möguleika á að sækja þá símenntun sem þeir hafa áhuga á. Í byrjun ágúst 2023 var Oslokurs haldinn og sóttu kennarar og starfsmenn skólans námskeið sem stóð yfir dagana 1.-4. ágúst. Skólastjóri fór einnig í ár en sækir jafnframt símenntun hjá Skólastjórafélagi Íslands.

Kennarar og starfsmenn sækja til námssjóðs síns stéttarfélags til að efla sig sem fagmenn í starfi. Skólinn getur sótt námsstyrki til stéttarfélaga ef sá kostur er fyrir hendi. Tekið skal mið af starfsþróunaráætlun og stefnu skólans við mat á fyrirgreiðslum.

Leiðir við starfsþróun

- starfsmenn læra saman og þróa starfshætti sína með sameiginlegri vinnu
- lærdómshópar myndaðir um ákveðna þætti
- fræðsla og faglegar umræður á vikulegum kennarafundum, skipulagt og undirbúið af fagráði
- námskeið, ýmist sameiginleg eða námskeið sem kennarar/starfsmenn sækja sjálfir

Yfirlit yfir starfsþróun og endurmenntun í Waldorfskólanum Lækjarbotnum 2023-2024

Heiti	Viðfangsefni	Tími	Þátttakendur	Umsjón
Endurmenntunarnámskeið Oslo	Námsefni tengt kennslu allra fagreina og árganga.	31.07-04.03.2023	Allt starfsfólk	Fagrað og starfsmannaráð
Námsmat	Aðlögun námsmats að skólanámskrá	2023-2024	Kennarar	Fagrað og skólastjóri
Símenntun/ýmiss námskeið á vegum skólans	Símenntun í fjölbreyttum kennsluaðferðum	2023-2024	Allt starfsfólk	Fagrað og starfsmannaráð
Mánudagsfyrirlestrar Kópavogs	Fjölbreyttir mánudagsfyrirlestrar á vegum fræðslusviðs	2023-2024	Kennarar og annað starfsfólk þar sem við á	Skólastjóri og fagrað
Verkferlar varðandi erfiða nemendur	Hvernig má beita líkamlegum inngripum	2023-2024	Allt starfsfólk	Fagrað og skólastjóri
Skólaforðun	Hvað er skólaforðun og hvernig brugðist er við	2023-2024	Allt starfsfólk	Fagrað og skólastjóri
Hinseginfræðsla	Fræðsla um hinseginleika	2023-2024	Allt starfsfólk	Fagrað og skólastjóri

Fyrirlestrar fyrir kennara, foreldra og almenning:


Skólinn stendur að fyrirlestrum yfir veturinn og námskeiðum sem hafa verið opin skólasamfélaginu og almenningi. Skólinn tekur einnig á móti hópum, t.d. frá öðrum skólum sem vilja fá stutt námskeið um Waldorffuppeldis- og kennslufræði. Skólinn hefur sent starfsfólk sitt á ýmsa fyrirlestra og námskeið tengdri stefnu skólans á vegum Stroku, setur í mannspeki, staðsett í Kópavogi. Starfmenn og kennarar skólans sækja einnig mánudagsfyrirlestra hjá menntasviði Kópavogs.

Innra samstarf og endurmenntun

Á vikulegum fundum starfsmannaráðs eru teknir fyrir fyrirlestrar eða fagbækur um Waldorffuppeldisfræði. Að auki hafa fagkennarar skólans markvisst leitt samkennara sína inn í sín störf til að efla heildarsýn á nám nemendanna og stuðla að heilsteypara samstarfi. Leiðsagnakennarar á yngra-, mið og unglingastigi funda með kennurum einu sinni í viku eða oftar ef þess er þörf.

Rýmingaráætlun

Í Waldorfskólanum Lækjarbotnum og Waldorfleikskólanum Yl er í gildi áætlun um rýmingu skólahúsa ef upp kemur eldsvoði eða annað sem krefst þess að byggingar séu rýmdar í flýti. Á hverju vori fara umsjónarkennarar yfir þessa áætlun með nemendum og æfa viðbrögð bekkjarins. Á hverju vori fer einnig fram allsherjar æfing sem nær til allra starfsmanna og nemenda skólans og leikskólans þar sem viðbrögð eru æfð.



Starfssvæði og kort

Starfssvæðiskort og nafnalistar eru í hverri skólastofu ásamt öryggiskössum. Í upphafi hvers skólaárs er farið yfir rýmingaráætlun með starfsfólki skólans og hver lærir sitt hlutverk. Mikilvægt er að allir starfsmenn aðstoði við framkvæmd áætlunar. Í viðbragðsstjórn sitja einn fulltrúi leikskóla og tveir fulltrúar skóla.

Helstu starfssvæði:

- A) Aðalaðkoma skólans/leikskólans.
- B) Aðkoma sjúkrabíla (að og frá).
- C) Staðsetning síma/tölvu.
- D) Slysastofa.
- E) Söfnunarsvæði lítið slasaðra.
- F) Söfnunarsvæði í upphafi utanhúss.
- G) Söfnunarsvæði eftir frumathugun vegna rýmingar skólans/leikskólans.
- H) Lendingarsvæði þyrlu.

Ef brunaviðvörðunarkerfi fer í gang skal unnið eftir eftirfarandi rýmingaráætlun:

1. Matráður fer að stjórnstöflu brunaviðvörðunarkerfis og aðgætir hvaðan brunaboðið kemur.
2. Matráður kannar orsök og hvort hættuástand er að ræða. Slekkur á brunabjöllu, en ef eldur er laus fer brunabjalla strax aftur í gang.
3. Kennarar undirbúa rýmingu kennslustofa og fara eftir rýmingaráætlun hvorrar kennslustofu fyrir sig.

4. Matráður hringir í öryggismiðstöð eða neyðarsíma 112 og gefur skýringar á brunaboðinu. Ritari tekur með sér skráningarbók fjarvista. Starfsfólk rýmir skólann og fer á söfnunarsvæði F (eldstæði).
5. Þegar komið er á söfnunarsvæðið fer hver hópur á sitt svæði og kennarar fara yfir nafnalista og aðgæta að allir nemendur hafi komist út. Ef ekki ber hann að tilkynna umsjónarmanni söfnunarsvæðisins, ritara.
6. Ritari fær upplýsingar um hve margir nemendur hafa ekki skilað sér og hvar þeir sáust síðast. Ritari hefur með sér möppu með nafnalistum hvers stigs ef umsjónarkennari hefur ekki sinn nafnalista.
7. Ef slökkvilið kemur á staðinn þá er það matráður eða fulltrúi úr viðbragðsstjórn hans sem gefur varðstjóra upplýsingar um hve margir nemendur hafa orðið eftir inni og hugsanlega staðsetningu þeirra.
8. Farið er með nemendur og starfsfólk í Skemmuna eftir nafnakall hvers bekks og deildar fyrir sig.

Rýmingar á kennslustofum

1. Starfsmaður velur flóttaleið.
2. Allir safnast saman við eldstæði, svæði F.
3. Leikskólabörn raða sér upp í klukkuröðun en bekkir í árgangaröð, frá yngsta og upp í elsta bekk.
4. Umsjónarkennarar hafa með sér nafnalista og merkja við.
5. Ef eldur kemur upp í frímínútum safnast nemendur saman af lóð á svæði F (eldstæði).
6. Starfsfólk í eldhúsi hefur umsjón með rýmingu í matsal.
7. Ritari telur starfsfólk og tekur mætingabók og starfsmannalista.
8. Rýming taki um 4 mínútur.

Kennari yfirgefur síðast byggingu og lokar dyrum.

Viðbrögð við vá

Ef upp kemur vá er öryggisteymi skólans kallað saman fundarnefnd til ráðgjafar og aðstoðar.

Veikindafaraldur

Á vef embættis landlæknis er að finna áætlun sem skólinn vinnur eftir ef upp kemur veikindafaraldur.

<https://www.landlaeknir.is/smit-og-sottvarnir/vidbunadur-gegn-va/>

Viðbragðsáætlun við jarðskjálfta

Verði jarðskjálfti á skólatíma er unnið samkvæmt áætlun almannavarna ríkisins. Kennarar fara yfir viðbrögð við jarðskjálfta á haustönn.

<https://www.almannavarnir.is/natturuva/jardskjalftar/vidbrogd-vid-jardskjalfta/>

Viðbragðsáætlun við eldgos

Yfirleitt gera eldgos boð á undan sér á jarðskjálftamælum en verði eldgos á skólatíma er unnið samkvæmt áætlun almannavarna.

<https://www.almannavarnir.is/natturuva/eldgos/vidbrogd/>

Viðbragðsáætlun vegna óveðurs

Farið er eftir tilmælum almannavarna í útvarpi og veðurfréttum. Mikilvægt er að foreldrar fylgist með veðri og veðurspám og hagi sér í samræmi við aðstæður hverju sinni. Skólinn er opin nema annað sé tilkynnt. Ef óveður brestur á, á skólatíma, skal hafa í huga að nemendur eru öruggir í skólanum og foreldrar þurfa ekki að hafa áhyggjur af börnum sínum. Rúta með nemendum fer ekki af stað nema að vel athuguðu máli og í samráði við björgunarsveitir ef búið er að lýsa yfir óveðurstigi eða ófærð.

Ef fella þarf niður kennslu vegna óveðurs á skólatíma er viðbragðsáætlun vegna óveðurs virkjuð:

- a) **Fyrirséður stormur:** veðurnefnd leikskóla og skóla taka ákvörðun um lokun skóla að fengnu samráði við rútufyrirtæki og með tilliti til tilkynningar frá veðurstofu.
- b) **Ófyrirséður stormur:** veðurnefnd leikskóla og skóla taka ákvörðun um brottfaratíma. Nefndarmenn skipa hópstjóra sem sér um að raða í rútur og stýrir á staðnum. Skrifstofa sér um að hafa samband við neyðarlínu 112 og rútufyrirtæki. Send eru út boð til foreldra með hefðbundnum hætti. Nemendum er komið í hendur forráðamanna í öruggri fylgd starfsmanna eða annarra aðila sem til þess eru fengnir, til dæmis björgunarsveit.

Skólaakstur

Vegna staðsetningar skólans í Lækjarbotnum þá eru tvær skólarútur sem sinna daglegum skólaakstri. Um 45 nemendur og tveir starfsmenn í hvorri rútu auk bílstjóra.

Daglegar ferðir:

Kjarvalsstaðir - Mjódd - Rauðavatn - Lækjarbotnar.

Rúta fyrir 1.-10. bekk og leikskólabörn:

Rútan mætt að Kjarvalsstöðum kl. 7:45 - Brottför kl. 8:00.

Frá Rauðavatni kl. 8:20.

Komin í Lækjarbotna kl. 8:35.

Frá Lækjarbotnum kl. 14:30.

Frá Rauðavatni kl. 14:40.

Komin á Kjarvalsstaði kl. 15:00.

Rúta fyrir 1.-10. bekk:

Rútan mætt að Kjarvalsstöðum kl. 7:45- Brottför kl. 8:00.

Frá Mjódd kl. 8:15.

Komin í Lækjarbotna kl. 8:35.

Rútan mætt í Lækjarbotna kl. 14:20.

Frá Lækjarbotnum kl. 14:30.

Frá Mjódd kl. 14:45.

Komin á Kjarvalsstaði kl. 15:00.

Skólamáltíðir

Í skólanum er boðið upp á fjölbreytt og næringarríkt fæði (fjóra daga í viku). Áhersla er lögð á lífrænt ræktað græn- og kornmeti við matreiðslu skólamatar. Matráður eldar allan mat frá grunni og matseðill skólans tekur mið af árstíðum og framboði hverju sinni.

Skólinn á sinn eigin matjurtagarð, gróðurhús, jurta- og ávaxtagarð og berjabrekkur. Á vorin sjá nemendur um að sá og setja niður útsæði í skólagarðana en að hausti er ríkuleg uppskera. Nemendur mæta í skólann í ágúst og uppskera en uppskerutíminn stendur allt fram í október.

Skólaeldhúsið verslar beint frá bændum lífrænt grænmeti sem búið er að yfir veturinn. Aðaluppistaða matseðils skólans er grænmetisfæði, en á ákveðnum hátíðum er breytt til og þá er boðið upp á kjöt (Lokadagur Furudalsviks, jólamatur, Þorrablót og Sprengidagur).

Annað er varðar starfsemi skólans ár hvert

Skólinn er opinn frá 8:30-14:30. Veikindi nemenda eru skráð í Námfús af forráðamönnum og ef óskað er eftir leyfi á sér stað samtal við viðkomandi bekkjarkennara. Leyfi lengri en 3 skóladagar samfelld þarfnast samþykkis skólastjóra.

Skrifstofa skólans er opin alla almenna kennsludaga frá 8:30-12:30.